

Svar framkvæmdastjóra Vöku dags. 5. janúar 2021 við bréfi starfsmanns íbúaráða dags. 15. desember 2020 um starfsemi Vöku.

Sæll Heimir og gleðilegt nýtt ár,

Sjá svör hér að neðan, ef það vakna einhverjar spurningar þá endilega vertu í sambandi.

a) Skýringar á fjölguninni og hvort að hún tengist synjun annara sveitafélaga á starfsemi fyrirtækisins?

Samkvæmt greinargerð sem fylgdi umsókninni um starfsleyfi var talað um 4000 ökutæki fyrir árið 2019 og að það mætti búast við allt að 8.000 fyrir 2020. Þetta er greinargerð sem fylgdi umsókninni árið 2019. Þessi aukning var helst til bjartsýn og varð ekki 2020 og býst ég ekki við henni árið 2021. Ég hef talað um 6000 – 8000 bíla í heild á ári, það eru þá hreinsunarbílar fyrir sveitarfélögin, einkastæðisbílar (þar sem lóðareigendur óska eftir flutning á bifreiðum af sinni lóð), neyðarþjónusta fyrir lögregluna og bifreiðar á leið í úrvinnslu. Vaka hefur ekki sótt um starfsleyfi fyrir úrvinnslu bifreiða í öðrum sveitafélögum, en mun gera það á þessu ári í Hafnarfirði þar sem félagið á lóð.

b) Hvar úrvinnslubifreiðum verði komið fyrir ?

Bifreiðaeigendur koma ýmist sjálfir eða fá Vöku til að sækja bifreiðar sínar til úrvinnslu, þær bifreiðar bíða vanalega í einn sólarhring í dag. Þetta er hluti af þeim breytingum sem ég gerði eftir að ég byrjaði sem framkvæmdastjóri hjá Vöku. Þær bifreiðar sem höfðu safnast upp voru teknar til úrvinnslu og hafa ekki safnast upp síðan.

Ég mun halda áfram að halda ásýnd fyrirtækisins góðri og sjá til þess að starfsemin hafi sem minnst truflandi áhrif á nágretta.

Ég býð velkomna alla þá sem vilja koma og kynna starfsemi mína.



Með kveðju / Best Regards

Reynir Þór Guðmundsson
CEO / Framkvæmdastjóri

Address: Héðinsgata 2 | 105 Reykjavík, Iceland

Website: www.vaka.is